



## 25. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2021-2023 mánudagur 9. maí 2022 kl. 17:00

Mætt til fundar: Hannes S. Jónsson formaður (HSJ), stýrir fundi. Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður (GNE), Birna Lárusdóttir annar varaformaður (BL), Guðni Hafsteinsson gjaldkeri (GH), Herbert S. Arnarson (HSA), Guðrún Kristmundsdóttir (GK) og Erlingur Hannesson (EH).

Forföll boðuðu: Jón Bender (JB), Lárus Blöndal (LB) og Einar Karl Birgisson (EKB),

HSJ ritaði fundargerð

### 1. Fundargerð síðasta fundur

### 2. Málefni erlendra leikmanna og breytingar á reglugerð

Eftir að meirihluti stjórnar samþykkti breytingar á 15. grein reglugerðar um körfunattleiksmót er varðar erlenda leikmenn þá voru nokkur félög sem vildu svokallaða þriggja ára reglu út. Gerð var skoðanakönnun á meðal félöganna.

Eftir ítarlega yfirferð og skoðanakönnun er ekki hægt að fullyrða að mikill meirihluti félaga sé þeirrar skoðunar að afnema skuli þriggja ára regluna. Einnig þykir sumum félögum að of mikill hraði hafi verið á meðferð þessa máls og ekki nægt svigrúm gefið til umræðna.

Stjórn ákveður að breyta ekki ákvörðun sinni frá fundi sínum 26. apríl s.l. Einnig er það niðurstaða meirihluta stjórnar að gera ekki breytingar á reglugerð sem varðar hlutgengi erlendra leikmanna í 1. deildum. Þær tillögur þykja of seint fram komnar, einkum í ljósi þeirrar gagnrýni að málefni Subwaydeildanna hafi verið unnin með of miklum hraði. Þing KKÍ fer fram í mars á næsta ári og þykir stjórn eðlilegt að frekari breytingar á reglugerð um erlenda leikmenn verði ræddar þar.

Pví miður er umræða um erlenda leikmenn undanfarnar vikur að taka of mikinn tíma frá okkur.

### 3. Fjármál

Farið yfir stöðuna og rætt um viðræður við nokkra samstarfsaðila.

### 4. Þjóðarleikvangur

HSJ greindi frá viljayfirlýsingu ríkis og borgar er varðar þjóðarleikvang í inniþróttum.

## 5. Mótamál

Bréf vegna fækkunar leikja/umferða í 1. deild karla frá nokkrum félögum , frestað til næsta fundar.

Fjölgun félaga í 1. deild karla frá nokkrum félögum og beiðni frá félagi í 2. deild karla, frestað til næsta fundar.

Verðlaunaafhendingar næstu daga.

## 6. Önnur mál

- Formannafundur 17. maí þar sem farið verður yfir málin frá þingi í mars í fyrra sem og ársreikningur 2021 kynntur.
- Ákveðið að hafa næsta þing á Egilsstöðum laugardaginn 25. mars 2023. Vegna COVID þurfti að hafa síðasta þing fjarþing, en það átti að vera þá á Egilsstöðum.
- Snorri Örn mótastjóri og Oddur Jóhannesson þjálfari hjá Ármann sóttu um síðastliðina helgi fund þjálfara í Þýskalandi þar sem rædd var um málefni mini bolta en þýska sambandið óskaði eftir að fá erindi frá Íslandi og greiddu allan kostnað fyrir okkar fulltrúa.

Næsti stjórnarfundur 7. júní kl. 17:00